

Löggildingaeftirlit árið 2007

Skoðunarmenn Neytendastofu fóru um Suðurnes í ársbyrjun og hluta Norður- og Suðurlands og allt Austurland í ágúst og september síðastliðnum til að kanna ástand mælitækja og einkum hvort löggildingarskyld mælitæki á borð við vogir, bensíndælur og olíudælur væru löggilt. Árlega eru slíkar ferðir farnar á tiltekin svæði til að kanna raunverulega stöðu í löggildingum á viðkomandi svæði svo og að finna nýja aðila sem nota löggildingarskyld mælitæki.



Í lögum 91/2006 um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn frá 14. júní 2006 er þessi skilgreining:

Löggilding mælitækis er aðgerð til að tryggja og staðfesta formlega að mælitæki fullnægi öllum kröfum laga og reglugerða. Löggilding fer fram með athugun, merkingu og/eða útgáfu vottorðs og er venjulega lokið með innsíglun á aðgengi stillinga


M.ö.o. er löggilding neytendavernd til að tryggja að mælitæki mæli rétt og verndi neytendur fyrir tjóni af röngum mælingum.

Niðurstöður úttektarinnar voru nokkuð langt frá því að vera viðunandi svo sem sjá má á meðfylgjandi upplýsingum. Til samanburðar fylgja niðurstöður úr skoðunarferðum um aðra hluta landsins og þar á meðal Reykjavíkursvæðið árin 2004-2006 fyrir vogir.

Vogir	2004-2006	2007
Löggilding í gildi	379	384
Löggilding ekki í gildi	231	234
Fjöldi fyrirtækja	240	246



Bensín- og olíudælur	2007
Löggilding í gildi	194
Löggilding ekki í gildi	53
Fjöldi fyrirtækja/stöðva	80



Auk ofangreindra skoðunarferða fylgjast starfmenn Neytendastofu með því að vog eða bensíndæla, sem löggilt er tiltekið ár, skili sér til endurlöggildingar einu eða tveimur árum síðar eftir því sem við á.